

Fundargerð

2. fundur stjórnar

Starfsárið 2022-2023

31. mars 2022

Viðstödd eru: Álfur, Bjarndís, Óli Alex, Agnes, Mars, Þórhildur, Vera, Sigga Ösp (áheyrnarfulltrúi félagaráðs), Elliot (áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs), Daníel (framkv.stj.)

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 17:40

1. Stöðutékk eftir vinnuhelgi

Stjórn lýsir almennri ánægju með vinnuhelgi stjórnar og starfsfólks í Hrísey 18.-20. mars sl.

2. Stjórn setur sér starfs- og fundarreglur

Formaður leggur til að mál sem fara í trúnaðarbók verði tekin upp síðast á fundum, og áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs víki þá af fundi. Stjórn samþykkir.

Stjórn fagnar fundarhaldi við borð.

Stjórn ræðir samskipti stjórnar við hagsmunafélög og fyrirkomulag þeirra.

Daníel útskýrir ólík hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsfólks og samskipti þeirra á milli.

Stjórn og framkvæmdastjóri ræða ímynd Samtakanna '78, sér í lagi á samfélagsmiðlum.

Stjórn ræðir samskipti og samþykktir á Slack. Stjórn er sammála um að ýmis mál megi afgreiða á Slack.

3. Trans málefni

Daníel fræðir stjórn um stöðu heilbrigðisþjónustu trans fólks og samskipti Samtakanna við ýmsa aðila í heilbrigðiskerfinu. Stjórn ræðir.

Daníel og Mars stinga upp á að funda sérstaklega um söfnun reynslusagna trans fólks af heilbrigðisþjónustu. Stjórn samþykkir.

Stjórn samþykkir að formaður og framkvæmdastjóri fundi með trans-teymi BUGL.

Stjórn ræðir nýlega birtingu Morgunblaðsins á hatursfulli skoðanagrein um trans fólk og viðbrögð við henni. Stjórn samþykkir að vera vel undirbúin næst þegar slík grein birtist.

4. Sambandsþing hagsmunafélaga

Mál fært til næsta fundar.

5. Nýtt húsnæði

Mál fært til næsta fundar.

6. Önnur mál

Daníel stingur upp á 7. maí fyrir félagsfund að vori. Stjórn samþykkir.

Fundi slitið: 19:25.